

**Fundargerð 62. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 8. júní 2020, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

1. **Grunnþjónustuverkefnið (A.18)**
2. **Mat á skiptingu stjórnsýslu- og þjónustuumdæma á Íslandi**
3. **Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019. Greinargerð stýrihópsins**
4. **Endurskoðun byggðaáætlunar**
5. **Fjármálaáætlun, Covid-19, byggðasjónarmið**
6. **Önnur mál**

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR, fór kl. 14:30), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN, mætti kl. 13:20), Elín R. Guðnadóttir (ANR), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Þór Þórarinsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN, fór kl. 14:30), Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum), Karl Björnsson (Sambandinu), Laufey K. Skúladóttir (Byggðastofnun), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Björn Helgi Barkarson (UAR) og Hrund Hafteinsdóttir (UTN).

Fyrir fund skýrði formaður frá því að Laufey Kristín Skúladóttir sé að hætta sem áheyrnarfulltrúi frá Byggðastofnun, en Reinhard Reynisson komi í hennar stað. Laufeyju voru þökkuð hennar störf og Reinhard boðinn velkominn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Grunnþjónustuverkefni (aðgerð A.18)**

Laufey Kristín Skúladóttir frá Byggðastofnun kynnti stöðu verkefnisins *Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis* sem er aðgerð A.18 á byggðaáætlun. Fyrir fundinn var sent út minnisblað um tillögur sem vinnuhópur Byggðastofnunar er að leggja lokahönd á. Almenn ánægja var með tillögurnar og sköpuðust nokkrar umræður um þær, m.a. varðandi kostnaðarmat. Nokkrar ábendingar komu einnig fram um önnur verkefni sem vert er að skoða í þessu samhengi. Byggðastofnun mun fullvinna tillögurnar í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og senda svo til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis.

**2. Mat á skiptingu stjórnsýslu- og þjónustuumdæma á Íslandi**

Framhald frá fundi stýrihópsins frá 16. janúar 2020. Fulltrúi forsætisráðuneytis fór yfir drög að minnisblaði um mat á skiptingu stjórnsýslu- og þjónustuumdæma á Íslandi, sem höfðu verið send fyrir fundinn. Hann óskaði eftir athugasemdum og ábendingum frá stýrihópnum. Talsverðar umræður urðu um þennan lið og fundarmenn almennt á því að gott sé að hafa slíkt yfirlit og telja þarft að samræma umdæmaskiptinguna.

**3. Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019. Greinargerð stýrihópsins**

Verkefnisstjóri kynnti helstu tölur úr drögum að greinargerð stýrihópsins um framkvæmd sóknaráætlana 2015-2019. Nokkur umræða var um þennan lið og ábendingar um tölfræðilegar upplýsingar sem mætti skoða betur eða með öðrum hætti. M.a. að sýna mótframlag til verkefna styrktum úr uppbyggingarsjóðum.

#### **4. Endurskoðun byggðaáætlunar**

Formaður greindi frá fyrirhuguðu ferli við endurskoðun byggðaáætlunar, en lögum skv. skal ráðherra leggja fram endurskoðaða byggðaáætlun á a.m.k. þriggja ára fresti. Tvö ár eru liðin frá samþykkt byggðaáætlunar og hefst endurskoðunin með samráðsfundi þann 11. júní n.k. Áætlað er að stöðuskýrsla (grænbók) liggi fyrir í nóvember 2020 og að tillaga til þingsályktunar verði lögð fyrir Alþingi haustið 2021.

#### **5. Fjármálaáætlun, Covid-19, byggðasjónarmið**

Óskað hafði verið eftir því að fulltrúar ráðuneyta færu yfir þá málaflokka sem orðið hafa eða áætla má að muni verða fyrir áhrifum af Covid-19 faraldrinum og snerta byggðamál. Nokkur umræða var um þennan lið og hvað framtíðin kann að bera í skauti sér. Fram kom að ýmsum verkefnum hafi verið hrint af stað vegna þessa sem ella hefðu ekki komist til framkvæmda strax.

#### **6. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður mánudaginn 7. september kl. 13.00. Fastir fundir verða fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45